LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. ___

Flytjandi Stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, staðfestir þær breytingar sem stjórn LH gerði á regluverki LH á milli Landsþinga, sbr. gr. 10.4 í lögum LH.

a. *Á stjórnarfundi LH þann 26. Maí 2026 var eftirfarandi breyting samþykkt:*

5. **Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót**

Þátttakendafjöldi á lands- og fjórðungsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna-, unglinga- og ungmennakeppni á lands- og fjórðungsmótum skal fara fram á úrtökumótum hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni.

Til að eiga möguleika á að öðlast þátttökurétt á Landsmóti þarf að ljúka gildri sýningu í úrtöku hestamannafélags.

b. *Á stjórnarfundi LH þann 26. Maí 2026 var eftirfarandi samþykkt:*

Í nýju spjaldareglunum sem samþykktar voru á FEIF-þingi er sett í hendur hvers lands að ákvarða lengd keppnisbanns. Keppnisnefnd leggur til að keppnisbann verði 3 vikur eftir ákv. fjölda spjalda, og bannið gildir frá upphafsdegi móts enda ógildast allur árangur knapans á viðkomandi móti.

a. ef knapi hlýtur 2 eða fleiri gul spjöld, þrisvar sinnum á sama keppnistímabili verði keppnisbannið 3 vikur. Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

1. hluti: Gul spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu [1]	Skýring	Agaviðurlög / Disciplinary measure				
		Ógild sýning / Elimination			Dæmt úr leik / Disqualification	Keppnisbann / Supsension
		Sýning	Keppnis-grein (hring-völlur)	Keppnis-grein (skeið-braut)	Á viðkomandi móti	Á næstu mótum
	Eitt gult spjald (gult)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
eða fleiri[2]	>=2 gul, gefin af >= 2 dómurum	Nei (almennt) Já (í skeið-greinum án einkunna)	Nei	Nei	Nei	Nei
eða fleiri x 3	3 x 2 gul á sama almanaksári	Já	Já	Já	Já	Já (Íslensk regla: keppnisbann er 3 vikur) [3]

1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar
2) Á einnig við ef eitt af spjöldunum er rautt spjald
3) Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

b. ef knapi hlýtur 2 eða fleiri rauð spjöld, tvisvar sinnum á sama keppnistímabili verði keppnisbannið 3 vikur. Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

2. hluti: Rauð spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu [1]	Skýring	Agaviðurlög / Disciplinary measure				
		Ógild sýning / Elimination			Dæmt úr leik / Disqualification	Keppnisbann/ Supsension
		Sýning	Keppnis-grein (hring-völlur)	Keppnis-grein (skeið-braut)	Á viðkomandi móti	Á næstu mótum
	Eitt rautt spjald (rautt)	Nei	Nei		Nei	Nei
	>=2 rauð, gefin af >= 2 dómurum	Já	Já	Já	Heimilt	Heimilt (Lengd keppnisbanns ákveðin af LH) [2]
eða fleiri x 2	2x 2 rauð á sama almanaks-ári	Já	Já	Já	Já	Já (Íslensk regla: keppnisbann er 3 vikur) [2]

1) Forkeppni, úrslit og sprettur í skeiði eða skeiðkappreiðum telst til sýningar
2) Lengd og gildistími keppnisbanns ákvarðast af Úrskurðar- og aganefnd LH
3) Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

Greinargerð:
Stjórn LH er heimilt á milli landsþinga að breyta reglum og reglugerðum um keppni í hestaíþróttum í samræmi við tillögur keppnisnefndar LH. Þessar breytingar skulu birtar opinberlega (t.d. á netmiðlum) og

taka strax gildi sem undanþága eða bráðabirgðalög. Allar slíkar breytingar þurfa að fá samþykki næsta landsþings til að fá endanlegt gildi í lögum og reglum LH.
Keppnisnefnd LH beindi ofangreindum breytingum til stjórnar sem samþykkti þær á stjórnarfundi þann 26. maí 2026.